

... Guðmundur hafði það ekki fyrir draum að stofna kvenfélag Öldunnar, heldur lét verða af því...

var mun árstíðabundnari en nú er.

Fyrsti Sjómannadagurinn ógleymanlegur

Á þessum árum var unnið að stofnun F.F.S.Í. og Sjómannadagsins og kom Guðmundur þar mjög nærri.

Fyrsta hugmyndin að því að sjómenn sameinuðust um einn fridag, kom frá Henry heitnum Hálfðanarsyni. Hann skrifaði félögunum bréf og var vel tekið í hugmyndina.

Fyrsti Sjómannadagurinn var svo haldinn 6. júní 1938 og hann liður mér seint úr minni. Það var ótrúlegt hvað allir voru lukkulegir og hvað ríkti mikil gleði þennan dag. Það getur enginn ímyndað sér það. Hátiðahöldin fóru fram á Arnarhöli, þar sem geysilegur fjöldi safnaðist saman. Um kvöldið var haldið hóf á Hótel Borg og þar var sama stemningin ríkjandi. Guðmundur sá um sólu aðgöngumiðanna, og það var nánast umsátursástand í kringum húsið okkar, og Laufey hlær að minningunni.

Fólk var að reyna að fá miða bak við, þó að væri uppselt. Eftir hófið var dansað og dansleikir voru í öllum danshúsum borgarinnar í tilefni dagsins. Það voru allir svo ánægðir. Þetta eru skemmtilegustu böll sem ég hef verið á.

Mennirnir sem voru í fyrsta Sjómannadagsráðinu eru nú allir dánir. Henry var formaður, fyrstu fimmtán árin, Guðmundur var gjaldkeri í fyrsta ráðinu en hætti því á stríðsárunum en þá sigldi hann með Júpiter til Englands.

S.S.R. og Aldan sameinast 1944

Ég held að hugmyndin að stofnun F.F.S.Í. hafi komið frá ungu mönnum í Skipstjóra-

og stýrimannafélagi Reykjavíkur. Þeir vildu að stofnað yrði sterkt samband félaganna og jafnframt að félögin sameinuðust þ.e. Aldan, Kári í Hafnarfirði, Ægir og S.S.R. F.F.S.Í var stofnað 1937, það var mikill áfangi. Ég man hvað mér fannst samningafundirnir oft langir, þegar þetta stóð yfir, segir Laufey og brosir. Ég var ekki vön svo miklu félagsstarfi en auðvitað skildi ég mikilvægið og sætti mig við þetta.

Ekki tókst að sameina félögin fyrr en í nóvember 1944 að Aldan og S.S.R. sameinuðust. Það tók sinn tíma að ná samkomulagi því báðir aðilar vildu halda nokkru af sinu. Ungu mennirnir höfðu ákveðnar hugmyndir sem þeir eldri gátu ekki alveg fallist á. Þessi sameining var mikil blóðgjöf fyrir Ölduna, ungu mennirnir urðu brátt í forustusveit félagsins. En þetta tók marga samningafundi, segir Laufey og brosir.

Málgagn fyrir stéttina

Guðmundur var mikill áhugamaður um að sjómenn eignuðust sitt eigið málgagn. Um nauðsyn þess hafði verið talað, allt frá upphafi en úr því varð ekki fyrr en í júní 1939. Ég man það svo vel, því elsta barnið okkar er næstum jafn gömul blaðinu, fædd 24. júní 1939. Guðmundur skildi nauðsyn þess að koma ýmsum málafnum sem barist var fyrir, á framfæri við fjöldann, því menn mæta mis vel á fundi og hafa ekki alltaf tækifæri til. Reyndar hefur mér fundist sjómenn litlir félagshyggjumenn. Bárður Jakobsson var fyrsti ritstjóri blaðsins, var það í eitt ár en þá tók Guðmundur við og var í eitt ár, eða 1941 þegar hann fór á sjóinn aftur. Menn voru strax áhugasamir að kaupa blaðið og það hefur vissulega verið stéttinni mikils virði.

Sjómannadagsblaðið kom hins vegar út ári áður, eða 1938 og var Guðmundur ritstjóri þess sl. 22 ár.

Formaður Öldunnar 1958

Eftir stríðið fór Guðmundur aftur á sild og 1947 fór hann til Norðurlandanna að kaupa inn nýja sildarbáta. 1948 eignast hann svo Odd, sem var sildar og flutningaskip og var hann skipstjóri á honum. Þeir önnuðust flutninga fyrir herinn á hina ýmsu staði á landinu, t.d. var mikið siglt til Hornafjarðar, á Snæfellsnes og vestur á Firði. Í land kom hann svo 1956, en hélt áfram flutningunum fyrir herinn, leigði skip til þess og sá að einhverju leyti um flutningandleiðina.

Í kringum 1960 varð hann aftur gjaldkeri Sjómannadagsráðs og hefur verið það síðan. Það varð svo hans aðalstarf 1972 og þar til hann lést.

Hann starfaði líka alltaf í Öldunni, var þar varamaður o.fl. en formaður félagsins varð hann 1958 og gegndi því starfi í 12 ár. Árið áður höfðu þeir orðið jafnir í kosningu, Ingólfur Þórðarson og hann og var dregið um hvor skyldi hljóta embættið. Ingólfur vann og var formaður í eitt ár, þetta var hörku barátta. Eftir 1960 varð hann svo forseti F.F.S.Í. í 4 ár.

Kvenfélagið stofnað

Það hafði alltaf verið draumur félagsmanna í Öldunni, að stofnað yrði kvenfélag meðal eiginkvenna þeirra. Guðmundur hafði það ekki fyrir draum, heldur lét verða af því. Hann skrifaði bréf til félagsmanna og boðaði til fundar, sem haldinn var í Grófinni 1, þar sem Flóin er núna, bætir Laufey við.

Þar mættu heilmargar konur en ég þekkti aðeins tvær þeirra. Við vorum þrjár sem töl-